

Alþingi
Erindi nr. Þ 131 / 376
komudagur 19.4 / 2005



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. apríl. 2005

Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar um tillögu til þingsályktunar um ferðamál lögð fyrir á 131. löggjafarþingi 2004-2005.


Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur borist til umsagnar erindi Samgöngunefndar Alþingis vegna ofangreindrar tillögu.

Slysavarnafélagið Landsbjörg leggur ríka áherslu á að skilgreindar séu betur leiðir til að ná fram markmiðum í Gæða-og öryggismálum. Þar viljum leggja sérstaka áherslu á upplýsingaveitur um aðstæður hér á landi. Bæði þætti sem snúa að veðurfari og aðstæðum og umbúnaði á hálandi Íslands.

Björgunarsveitir félagsins hafa síðustu árum þurft að bregðast oftast við vegna slysa og óhappa á hálandinu. Það er trú okkar að aðgangur að upplýsingum um þessa þætti sér fyrst og fremst það sem dregið getur úr slysum og óhöppum.

Slysavarnafélagið Landsbjörg er í auknu mæli að einbeita kröftum sínum í slysavörnum á hálandinu og telur nauðsynlegt að tekið sé á gæða-og öryggismálum með samræmdum hætti.

Virðingarfyllst,
f.h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar



Jón Gunnarsson,
framkvæmdastjóri